



SÍBS

Alþingi

Erindi nr. P 121 / 712

komudagur 13/1 1997

Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga

Suðurgötu 10 • Pósthólf 515 • 121 Reykjavík

9. jan. 1997

Nefndarsvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 REYKJAVÍK

Umsögn Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS) um frumvarp til sóttvarnarlaga, sem liggur fyrir 121. löggjafarþingi Alþingis.

Frumvarpið er lagt fyrir Alþingi með óverulegum breytingum frá því frumvarpi, sem lagt var fyrir 120. löggjafarþingið. Þær breytingar gefa ekki tilefni til sérstakra athugasemda frá SÍBS og vísast því til fyrri umsagnar frá 2. jan. 1995.

Ég vil benda á eitt atriði í frumvarpinu, sem þó snertir ekki beint afstöðu SÍBS til frumvarpsins. Í 6. grein síðustu málsgrein segir: Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnarlæknir vera ritari þess.

Það er til umhugsunar hvort heppilegt sé, að sóttvarnarlæknir sé ritari sóttvarnarráðs. Hann mun óhjákvæmilega þurfa að taka þátt í umræðu í ráðinu, sem illa samrýmist starfi hans sem ritara ráðsins. Í öðru lagi mun ráðið oft þurfa að fjalla um störf sóttvarnarlæknis, og er þá óeðlilegt að hann riti fundargerð um þá umfjöllun.

Fyrir hönd stjórnar SÍBS,

Haukur Þórðarson formaður